

Vettvangsheimsókn í Björgina, <http://bjorgin.is/> í Keflavík.

Daginn fyrir óvænta snjókomu fór ég í vettvangsheimsókn í Björgina á Suðurnesjum. Fólk var alla jafna upptekið svo ég fór ein. Í Björginni eru ýmsar uppákomur sem haldnar eru árlega á vegum hennar s.s. Geðveikir dagar. Þau eru með ýmsar kynningarherferðir s.s. slagorð á strætó um geðrækt, lesið í lauginni þar sem plöstuð voru ljóð eftir meðlimi og hengt við heitu pottana og jafnframt hafa þau nýlega gefið út bók með ljóðum og öðru efni frá meðlimum. Einnig sinna þau fræðslu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hafa haldið málþing í samvinnu við aðra aðila.

Það er um 280 manna hópur á skrá hjá Björginni en kjarni sem sækir Björgina reglulega er um 70 manns, 20-30 sem koma á dag, flestir 2-3x í viku. Þess má geta að starfsemin byrjaði með 3 einstaklingum en henni vex stöðugt fiskur um hrygg.

Þjónustan í Björginni skiptist í athvarf, endurhæfingu og eftirfylgd. Einnig er veittur stuðningur til aðstandenda og allir geta leitað ráðgjafar. Opið er frá 10-16. Starfsmenn eru forstöðumaður og félagsfræðingur í 100% stöðu, tveir starfsmenn í hlutastöðu og sálfræðingur í 60% stöðu sem hægt er að panta viðtöl hjá og kostar 1000 kr. tíminn fyrir félagsmenn. Geðlæknir, Pétur Hauksson kemur 1x í viku á fimmtudögum og hægt er að panta viðtöl hjá honum. Einnig hefur hann hópavinnu í hugrænni atferlismeðferð. Meðlimir greiða 1.500 á mánuði og fá frítt kaffi og efnisgjald í vinnustofum að hluta frítt. Hádegisverður kemur frá skólamáltíðum og kostar kr. 350,-

Starfsemin skiptist í:

Athvarf: Áhersla á heimilislegt umhverfi, hádegisverður, kaffi, samverustundir, húsfundir.

Endurhæfing: lója, Hópastarf, námskeið, ráðgjöf, fræðsla, slökun, íþróttir í sal. Einnig halda meðlimir stundum námskeið s.s. í skrautskrift og stærðfræði í daglegu lífi.

Eftirfylgd: Lögð er áhersla á eftirfylgd við þá sem komnir eru á vinnumarkað eða í nám og hafa þörf fyrir áframhaldandi stuðning. Eftirfylgdin er á formi viðtala, símhringinga og boðum um þátttöku þegar eitthvað stendur til.

Geðræktarskóli: Starfsræktur 2x á ári 10-14 vikur í senn. Haldið í samvinnu við símenntunarmiðstöð Suðurnesja sem fær sérstakt fjármagn til námskeiða fyrir geðfatlaða. Stökkpallur til frekara náms.

Fjármagnsaðilar: SSR, Ráðuneyti; SSS (samband sveitafélag á Suðurnesjum). Aðrir styrkir koma frá fyrirtækjum og félögum á svæðinu s.s. kvenfélaginu, Rótarí, Lions, menningarsjóði fyrir sérstök verkefni o.s.frv.